

3. fundargerð stjórnar Tækniminjasafns Austurlands

Fimmtudagur 12. september 2024 kl. 17.00 á Teams.

Mætt

Skúli Vignisson formaður og Tinna Guðmundsdóttir og Jónína Brynjólfsdóttir og Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir safnstjórar

Vantar: Bjarki Borgþórsson varaformaður, Ingirafn Steinarsson

Dagskrá

1. Drög að ársreikningi og tímasetning aðalfundar.
 - a. Fyrir fundinum liggja drög að ársreikningi sem eru lögð fram til kynningar. Stjórn felur safnstjórum að klára vinnu við reikninginn í samræmi við umræður á fundinum.
 - b. Lagt er til að aðalfundur verði haldinn þriðjudaginn 5. nóvember kl. 17 á teams. Safnstjórum falið að boða til fundarins með formlegum hætti.
2. Staða mála er varðar Lónsleiru
 - a. Staða hönnunar. Arkitektar og brunahönnuðir hafa nú lokið störfum við að hanna Lónsleiru. Verkfræðingahönnun fyrir Angró stendur yfir.
 - b. Fjármögnun. Fyrir stjórn liggur grófáætluð staða fjármögnunar uppbyggingar á Lónsleiru. Safnstjórnar eru að fara suður í næstu viku til að ræða við menningar- og viðskiptaráðherra um stofnstyrk til verkefnisins og Minjastofnun um útfærslur á Angró.
 - c. Tímalína, farið yfir drög að nýrri tímalínu. Er enn í vinnslu en verður kynnt síðar.
3. Drög að verkefnum og umsóknum fyrir árið 2025
 - a. Unnið er nú að því að greina í hvaða sjóði skal sækja um og fyrir hvaða verkefnum. Lagt fram til kynningar
4. Yfirferð yfir sumarið
 - a. Safnstjórar fóru yfir hvernig sumarið gekk.
 - i. Alls komu 46 hópar frá skemmtiferðaskipum og gekk það samstarf við Skálanes mjög vel.
 - ii. Mun minni aðsókn en á síðasta ári enda mun færri ferðamenn á ferðinni, bæði íslenskir og erlendir.
 - iii. Sýningin „Störf kvenna“ hefur verið vel sótt, áætla má að það hafi verið þúsundir sem hafi skoðað hana.
5. Önnur mál
 - a. Starfsmannamál

Fundi slitið kl. 18.17